

## 11. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018- 2022

Fundur haldinn í félagsheimili Hrunamanna, 14. Maí 2020 kl.14:00

**Mættir:** Aron Nökkvi Ólafsson form AFM-nefndar, Hulda Hrönn Stefánsdóttir AFM nefnd, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálfulltrúi uppsveita Árnessýslu auk þess mættu ferðþjónustuaðilar í Hrunamannahreppi, oddviti og sveitarstjóri.

**Umræðufundur ferðþjónustuaðila í Hrunamannahrepp um ferðasumarið 2020, opnunartíma fyrirtækja og kynningarmál.**

Ástæða fundar var að koma ferðþjónustuaðilum í Hrunamannahreppi saman á óvissutíma covid-19. Ræða hugmyndir og aðgerðir fyrirtækjaeigenda til þess að takast á við minnkun ferðamanna á landinu í sumar.

Ásborg kynnti fyrir gestum markaðsáttak sem er í undirbúningi fyrir landið sem og fyrir hvern landsfjórðung fyrir sig þar með fyrir suðurland. Átakið hefst nú í maí. Einnig kynnti hún nýja síðu sem er í vinnslu og tengist áttakinu, síðan mun vera töl fyrir ferðamenn til þess að setja saman ferðir sínar og afþreyingu útfrá því svæði sem þau ætla sér að ferðast á.

Ásborg hvatti alla til þess að setja inn kynnisefni fyrirtækja sinna til Markaðsstofu Suðurlands en Markaðsstofan hefur yfirumsjón með áttakinu á Suðurlandi.

Málin voru rædd og var nokkur umræða um hvort við myndum fara í kynningarátak fyrir Flúðir/Hrunamannahrepp.

Samþykkt var að Ásborg hafið samband við Markastofu Suðurlands og kanni hvort hægt er að vera með sértakt markaðsáttak fyrir hreppinn sem tengist áttakinu á landsvísu/ Suðurlandsvísu og hvað það muni kosta. Nauðsynlegt er að vinna það hratt.

Atvinnurekendur kynntu sig koll af kalli og greindu frá því hvernig staðan hjá þeim er á tímum fjöldatakmakanna og minnkun ferðamann á tímum covid-19.

Rætt um vöntun á almenningsalernum á Flúðum. Grund vill skoða það að vera með opna klósett aðstöðu og nokkurskonar information center í samvinnu við sveitarfélagið.

Hugmynd kom að stofna Fésbókahóp fyrir atvinnurekendur í Hrunamannahreppi sem væri jákvæður umræðuvettvangur fyrir atvinnurekendur í Hrunamannahreppi og til að efla samstarf. Þar inn væri hægt að setja upplýsingar um opnunartíma og tilboð svo allir viti og geti látið sína gesti vita. Fólki leyst vel á hugmyndina og Dröfn í Dalbæ stofnaði hópinn og mun halda utan um hann.

Fundi slitið kl. 15:30